



Dýralæknafélag Íslands
Skólavörðustíg 35
101 Reykjavík
Sími 5523622

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2012

Efni: Þingmál 283 - umsögn um frumvarp til laga um dýravelferð

Stjórn Dýralæknafélags Íslands hefur kynnt sér frumvarp til laga um dýravelferð og kallað eftir ábendingum og athugasemdum frá félagsmönnum og lýsir yfir ánægju með frumvarpið í öllum megin atriðum og telur það til mikilla bóta frá núgildandi lögum.

Stjórn Dýralæknafélags Íslands leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að heildarúttekt á lögum um dýralækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn dýra eigi sér stað samhliða eða í beinu framhaldi af nýjum lögum um dýravelferð og hvetur nefndina til að beita sér í að það verði gert.

Dýralæknafélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið

II. Kafli Yfirstjórn

4. gr. Tekið er undir að málefni dýravelferðar verði alfarið færð til Matvælastofnunar (MAST) enda fagþekking á þeirri stofnun fyrir hendi, en DÍ telur brýnt að yfirstjórn dýravelferðarmála heyri beint undir yfirdýralækni innan MAST. Það er mikilvægt að með lögum sé ákveðið að málefni dýravelferðar verði vistuð hjá yfirdýralækni en ekki á öðru sviði innan MAST, t.d. stjórnslusviði.

DÍ fer því þess eindregið á leit við atvinnuveganefnd að **breyting** þessa efnis verði gerð á **lögum nr. 80/2005 um Matvælastofnun** og bætt við orðinu „dýravelferð“ í 4. grein laganna.

4. gr. laga nr. 80/2005 um Matvælastofnun hljóði þá svo:

„Matvælastofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum. Forstjóri ræður sviðsstjóra yfir hvert svið og skulu þeir hafa aflað sér bæði háskólamenntunar og sérþekkingar á viðkomandi sviði. Þó skal ráðherra skipa sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fara skal með **dýravelferð**, dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Skal hann heyra undir forstjóra sem jafnframt setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin með lögum. Yfirdýralæknir skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.“

5.gr.

DÍ telur hlutverk og málefni fagraðsum velferð dýra þess eðlis að brýnt sé að starfsmaður ráðsins sé með góða fagþekkingu og leggur til að sett verði í lagatextann að sú fagþekking verði að lágmarki dýralæknismenntun. Í þessu skyni er sértakalega vísað til þess hluta starfsins er varðar afgreiðslu umsókna um dýratilraunir.

Lagt er til að síðasta mgr. 5. gr. verði svohljóðandi:

“Fagraðið skal hafa aðsetur hjá Matvælastofnun sem leggur því til vinnuástöðu og starfsmann **sem er dýralæknir** með sérfræðiþekkingu á starfssviði ráðsins.”

III Kafli Almenn ákvæði um meðferð dýra.

7. gr.

DÍ mælir eindregið með að ábyrgð sveitarfélaga á villtum og heimilislausum dýrum sé skilgreind og nauðsyn þess að sveitarfélög hafi að stöðu til að geyma heimilislauus dýr, ásamt nauðsyn þess að tryggd sé að greiðslur séu tryggðar fyrir neyðarhjálpar við dýr.

Í 3. málsgrein 9. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr kemur fram að dýralækni **ber** að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálpar í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum. Í þessu sambandi telur DÍ nauðsynlegt að koma upp **sjóði** hjá ráðuneyti eða Matvælastofnun sem hafi það hlutverk að greiða kostnað dýralækna vegna neyðarhjálpar við dýr, hvort heldur um er að ræða heimilislauus dýr, villt dýr eða dýr í þeim tilvikum þar sem ekki næst í eiganda og nauðsynlega þarf að líkna dýri m.t.t. dýravelferðar. Ekki er hægt að ætlast til þess að dýralæknar sitji uppi með þennan kostnað sem getið er um í 7. gr. frumvarpsins og er vísað til hvernig þessi mál hafa verið leyst í nágrannalöndum okkar (opinberir sjóðir). Mælt er til þess að ákvæði um slíkan sjóð verði bætt í frumvarpið. Ætla má að erfitt verði að fá dýralækna til að bregðast við neyðarhjálpar ef greiðsla fyrir kostnaði er ekki tryggð og að þeir þurfi jafnvel að bera þann kostnað sjálfir.

Laga ákvæði um endurgreiðslu kostnaðar vegna umönnunar og meðhöndlunar dýra í neyð er afar mikilvæg til að tryggja að dýrin fái þá umönnun/meðhöndlun sem frumvarðið gerir ráð fyrir að þau skuli fá. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá sem stofnar til útgjaldanna skuli innheimta kostnaðinn úr hendi þess sem ber ábyrgðina. Fyrirsjáanlegt er að þetta verður í mörgum tilvikum erfitt eða jafnvel ómögulegt. Það er því nauðsynlegt að ríkið tryggi endurgreiðslur með **stofnun sjóðs** og sjái sjálft um innheimtu kostnaðar. Með því móti væri velferð dýra í neyð tryggð.

Lagt er til að textanum í síðustu málsgrein 7.greinarverði breytt og hljóði svo:

„Sá sem stofnar til útgjalda samkvæmt 1. mgr. á rétt á endurgreiðslu á öllum nauðsynlegum kostnaði. Endurgreiðslan er sótt í sjóð sem Atvinnuvegaráðuneyti hefur umsjón með. Ráðuneytið sér um að innheimta kostnaðinn frá þeim aðila sem ber ábyrgð á útgjöldunum samkvæmt grein þessari.“

IV. Kafli Leyfi og eftirlit

11. gr. Skiptar skoðanir eru innan DÍ um gagnsemi þess að nánast allt dýrahald (sbr. viðauka) sé leyfisskilyt. DÍ tekur undir nauðsyn þess að úttektir á húsakosti, búnaði og þekkingu séu gerðar áður en starfsemi hefst til að koma í veg fyrir fyrirsjáanlega illa meðferð á dýrum. Þetta á sérstaklega við um starfsemi með mikinn fjölda dýra og/eða flókinn tækjabúnað sem getur haft afdirfarik áhrif á líðan og/eða öryggi dýra. Má hér nefna loftræstinga-, ljósa-, fóður- og vatnskerfi auk frágangs á byggingum og búnaði þannig að slysa-gildirur leynast. Síðast en ekki síst til að ganga úr skugga um þekkingu þess/þeirra sem annast eiga dýrin. Í þessu sambandi eru nefnd alifuglabú, svínabú, loðdýrabú, stærri nautgripa-, sauðfjár- og hrossabú að ógleymdum þjálfunar- og endurhæfingastöðum. Slíkar stöðvar spretta upp eins og gorkúlur með fjölbreyttum tækjum og

tólum sem geta haft alvarlegar afleiðingar séu þau ekki rétt notuð eða öryggisrofar ekki virkir eða jafnvel engir, auk þess sem þekking þeirra sem reka þessar stöðvar er lítil eða engin. Hins vegar er það álit margra dýralækna sem sinna opinberu eftirliti að vinnan við úttekir vegna starfsleyfisgerðar, á öllu dýrahaldi sem fellur undir viðaukann, verði slík að varla muni þeir þá gera annað og efast um að það muni skila nægjanlegum árangri miðað við hina miklu vinnu. Ávinningurinn verði minni en kostnaðurinn við þessar úttektir.

Komi það til að ákvæði 11. gr. eða viðauka verði breytt í meðförum Alþingis þá leggur DÍ ríka áherslu á að það verði þó aðeins gert að leyfisskylda verði á starfsemi alífugla-, svína- og loöðyrabúa auk stærri nautgripa-, sauðfjár-, hrossa- og gæludýrabúa að ógleymdum þjálfunar- og endurhæfingastöðum og það áður en starfsemi hefst.

V. Kafli Meðferð og meðhöndlun dýra

15. gr. varðandi fjarlægingu tiltekinna líkamsparta

Tekið hefur verið út úr 2. mgr. að aðeins sé heimilt að fjarlægja horn, spora eða gelda dýr **„sé það talið nauðsynlegt með tilliti til dýravelferðar eða af öðrum sérstökum ástæðum sem tilgreindar eru í reglugerð.“**

DÍ telur þetta nauðsynlega takmörkun sem kveða ætti á um í lögum, þannig að fjarlæging þessara líkamshluta sé ekki framkvæmd án rökstuðning. Í þessu sambandi er vísað til geldinga rakka, oft á tíðum eru rakkar geltir án þess að sérstakar ástæður séu fyrir því, eingöngu geðþóttaákvörðun dýraeiganda og/eða dýralæknis. DÍ telur að takmarka eigi slíkar ákvarðanir byggðar á geðþótta og mælist til þess að takmörkunin sé sett inn í lagatextann, þannig að fjarlæging upptalinna líkamsparta sé ekki framkvæmd af geðþótta, en ekki er verið að mæla gegn aðgerðum sem taldar eru nauðsynlegar til að breyta hegðun, svo sem stroki. Aðgerðir þessar svipta dýr meðfæddum eiginleikum þess og þær á aðeins að framkvæma af nauðsyn.

Um geldingu og ófrjósemisaðgerðir á köttum gilda aftur á móti rík dýravelferðarsjónarmið, slíkar aðgerðir koma í veg fyrir særð dýr eftir slagsmál og ofjölgun katta sem er vandamál víða.

Um geldingu hesta gilda einnig dýravelferðarsjónarmið auk öryggis manna.

15. gr. varðandi sársaukafullar aðgerðir án deyfingar

Í 3. mgr. er gefinn afsláttur á dýravelferð til hagsmuna fyrir svínabændur með því að heimila geldingu grísa án deyfingar og verkjastilling látin nægja.

Ákvæði um að verkjastilling ein og sér sé nægjanleg virðist vera til þess fallið að slá ryki í augu almennings um að nóg sé að gefa verkjalyf eftir skurðaðgerð. Verkjastilling er notuð eftir aðgerðir til að slá á verki sem eru samfara bólgum og því eru þessi lyf oft með tvíhliða verkanir, þ.e. bæði bólgueyðandi og verkjastillandi.

Gelding er óumdeilt sársaukafull aðgerð, engin rök eru fyrir að leyfa geldingu ungra grísa án deyfingar, og engar rannsóknir hafa sýnt fram á að ungrir grísir finni minni sársauka en eldri dýr. Fáir, ef einhverjir myndu sætta sig við skurðaðgerð án deyfingar og fá aðeins Panodil eftir skurð.

Samkvæmt upplýsingum frá The Federation of Veterinarians of Europe er áætlað að bann við geldingu grísa án deyfingar verði komið á í Evrópu 2015 og mörg lönd innan Evrópu hafa nú þegar lagt bann við slíkri geldingu. Er því með eindæmum ef Ísland myndi leyfa geldingu grísa án deyfingar með lögum árið 2013.

Dí leggst einnig gegn undanþágunni varðandi það að ekki verði skylt að deyfa við eyranmörkun, sem er sársaukafull aðgerð, hvers eiga lömb og kiðlingar að gjalda? Eyrnamörkun er hefð sem nær öll lönd hafa lagt af en Dí gerir sér grein fyrir að erfitt er að breyta hefðum. Eyrnamörkun er hópmerking sem ætti að heyra sögunni til því skylda er að einstaklingsmerja þessi dýr. Dí leggur til að sett verði tímamörk á undanþágu fyrir deyfingu og að ákvæði varðandi eyrnarmörkun verði fært í 32. gr.

Dí mótmælir að leyfa eigi sársaukafullar aðgerðir án deyfingar og skorar á Alþingi að breyta ákvæðum þessu lútandi, dýrunum í vil og leggur eftirfarandi til:

3. mgr. hljóðaði svo: “Við sársaukafulla aðgerð eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa dýr og veita því verkjastillandi meðhöndlun.

d) liður myndi þá hljóða svo: “klipping á skotti og gelding grísa yngri en vikugamalla”

Bætt verði við 32. gr. sem hljóði svo:

“Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 15. gr. er heimilt fram til 1. ágúst 2015 að eyrnamarka lömb og kiðlinga yngri en vikugamalla án deyfingar.”

20.gr.

Í 2. mgr. er veitt heimild til drekkinga á minkum, Dí telur þetta bæði vera í andstöðu við 1. mgr. sömu greinar og í andstöðu við anda laganna og leggst gegn þessari heimild.

Minkar hafa mikla köfunareiginleika líkt og selir sem missa ekki meðvitund eins og önnur spendýr við drukknun heldur halda þeir fullri meðvitund allt til dauða sem getur tekið langan tíma, allt að rúmri klukkustund.

Sé það hins vegar vilji Alþingis að leyfa drekkingar á minkum þá telur Dí nauðsynlegt að þrengja ákvæðið enn frekar og setningin verði svohljóðandi:

“..... , nema um sé að ræða gildruveiði minka sem hlut af skipulögðum aðgerðum **stjórnvalda** til að halda minkastofninum í skefjum.”

VI.Kafli Merkingar dýra

23.gr. Reglugerðarheimild sem frumvarpsnefndin lagði til hefur verið tekin út: **„Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aðferðir við handsömun dýra“.**

Það er afar brýnt að ráðherra setji reglugerð um aðferðir við handsömun dýra, í því sambandi er bent á handsömun katta.

Kattaveiðar í þéttbýli hafa sætt réttmætri gagnrýni undanfarin misseri, meindýraeyðar hafa notað felligildrur og jafnvel lánað þær almenningi. Engar reglur eru til um hvaða gildrur eða aðferðir eru ásættanlegar til að handsama ketti en oftast en ekki eru það heimiliskettir sem fara í þessar gildrur. Þær eru jafnvel settar upp í kulda/frosti og vitjað um þær kannski einu sinni á sólarhring sem er óviðunandi.

Dí telur nauðsynlegt að hafa skýrar reglur um hver hafi heimild til að handsama og hvernig.

Einnig er vakin athygli á að sérstaklega var getið um þetta atriði í skipunarbréfi nefndarinnar sem endurskoðaði löggjöfina.

X Kafli Stjórnvaldsfyrirmæli og viðurlög

33. gr.: Tekin hefur verið út úr tillögum frumvarpsnefndarinnar **heimild eftirlitsaðila til að fara með aðstoð lögreglu inn í húsnaði eða á staði þar sem um leyfisskylda starfsemi er að**

ræða, í þeim tilfellum þar sem ítrekað hefur verið reynt að framkvæma eftirlit án árangurs eða þar sem umráðamaður neitar eftirlitsaðila um aðgang.

Dí telur slíka heimild nauðsynlega til að auka skilvirkni lögbundins eftirlits og aðgerða. Það yrði þunglamalegt ef eftirlitsskyldir aðilar neita eða færast ítrekað undan skoðun og sækja þyrfti um dómsúrskurð í hvert sinn til að sinna lögbundnu eftirliti.

Dýralæknar sem stundað hafa opinbert eftirlit þekkja þennan þröskuld mæta vel, vegalendir eru miklar, langt í sýslumenn og dýrmætur tími tapast.


Hér er eingöngu verið að leita eftir heimild fyrir eftirlitsaðila til að fara í fylgd lögreglu inn á eftirlitsskylda staði, ekki heimili.

XI Kafli Gildistaka o.fl.

42. gr. 2.tl. b sem fjallar um breytingu á 2. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Dí leggur til að tekið verði út "**aukinni arðsemi búfjár**". Þetta ákvæði telur Dí alls óviðeigandi og er eiginlega í andstöðu við dýravelferð, þar sem aukinn arðsemi búfjár er oftast en ekki á kostnað velferðar dýra.

Virðingarfyllt



Guðbjörg Þorvarðardóttir
formaður Dýralæknafélags Íslands